

**Ed.**

## **248. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74 31. des. 1937, um alþýðu-tryggingar.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Með frv. þessu er farið fram á að hækka örorku- og dánarbætur vegna slysa umfram þær, sem nú eru ákveðnar með lögum, fyrir alla þá, sem ekki eru tryggðir fyrir slysum af stríðsvöldum. Stríðsslysatrygging sjómanna er ákveðin með lögum nr. 66 7. maí 1940 frá 12 þús. upp í 21 þús. umfram þá tryggingu, sem ákveðin er í alþýðutryggingalögunum frá 1937. Auk þessa var stríðsslysatrygging sjómanna hækkuð um helming með samningi við útgerðarmenn, dags. 29. apríl og 16. júlí 1941. Aðstandendur þeirra, sem farast af slysum, hvort heldur er á sjó eða landi, og ekki teljast stríðsslys, fá aðeins bætur samkvæmt alþýðutryggingalögunum. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að jafna þann mikla mun, sem hér er á orðinn. Í mörgum tilfellum er örðugt að greina orsakir slysa á sjó frá stríðsslysum, eins og nú á sér stað um hættur þær, sem þúnar eru hverri fleytu vegna hernaðarráðstafana. Meiri hluti nefndarinnar viðurkennir að vísu rök þau, sem færð eru fyrir frv., en telur hins vegar, að kostnaður sá, sem af því leiðir fyrir atvinnurekendur í hækkun iðgjalda, sé þeim ofvaxinn, og getur því ekki fallizt á að mæla með samþykkt þess. Undirritaður minni hl. er ekki sammála meiri hl. um þetta atriði og telur, að þá iðgjaldahækkun, sem nægja mundi, sé atvinnurekendum kleift að greiða. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir nefndinni lágu og voru nánar skýrðar af forstjóra tryggingarstofnunarinnar, þá verður að ætla, að 50% hækkun iðgjaldanna mundi nægileg. Verður að líta svo á, að hin góða afkoma atvinnuveganna geti innt af hendi þá kvöð, sem hér er gert ráð fyrir. Með frv. er verið að tryggja þrennt: 1) Að jafna þann mismun, sem orðinn er í örorku- og dánarbótum, 2) Að tryggja ekkjum og munaðarleysingjum bætur, sem geti verið þeim nokkur stoð til lífsframsfæris, og 3) Að firra þjóðfélagið því, að skyldulið þeirra, sem fyrir slysum verða, komist á vonarvöl og léttu byrði af sveitar- og bæjarsjóðum.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson.